

Veiðimálastofnun nóv. 1978
Tumi Tómasson, Borgarnesi.

Athugun á Laxá í Sælingsdal í ágúst 1978.

Dagana 4-7/8 1978 fór fram á vegum veiðimálastofnunarinnar athugun á lífsskilyrðum lax í Laxá í Sælingsdal (Hvammssveit). Laxá er fremur vatnslítil á. Áður var hún laxgeng um 5 km, en auk þess er laxgengt um 2 km upp í Svínadalsá sem fellur í Laxá. Fyrir nokkrum árum var fossinn í Sælingsdalsá sprengdur með það fyrir augum að gera þar fiskveg. Þó fiskvegurinn sé ekki tilbúinn gengur eitthvað af laxi upp fyrir fossinn og óvíst hvort þurfi að ráðast í frekari framkvæmdir. Við þetta oppnast um 7 km af ánni fyrir lax. Alla jafnan er lítil laxveiði í Laxá, um 20-50 laxar árlega. Laxinn gengur mjög seint upp í ána, oft sést þar ekki lax fyrr en í lok águst, og því má búast við að veiðialagið sé lítið.

Veitt var með rafmagni á átta stöðum í Sælingsdalsá og einum í Svínadalsá. Einnig var botngerð og straumlag athugað, en það eru þættir sem ráða hvað mestu um afkomumöguleika uppvaxandi laxaseiða í ánni. Öll seiði 1+ og eldri sem veiddust voru lengdarmæld, en einungis lítill hluti 0+ seiðanna var lengdarmældur. Aldurssýni (kvarnir) voru tekin af nokkrum seiðum. 0+ kallast þau seiði sem komu úr hrogni vorið 1978, þ.e.a.s. árangur hrygningar 1977, 1+ eru seiði sem komu úr hrogni vorið 1977, o.s.frv.

Niðurstöður og ályktanir.

Botninn í Sælingsdalsá er víðast fínn, möl < 10 cm í þvermál. Þó eru tveir stuttir kaflar með grófari botni, annarsvegar í gilinu fyrir ofan fossinn og hinsvegar niður undir túninu í Sælingsdal.

Á uppvaxtarskeiði sínu í ánni, sem er yfirleitt 2-5 ár, helga laxaseiðin sér stað í ánni sem þau verja gegn ágangi annarra seiða. Seiðin halda sér mest við botninn í vari við steina úti í straumnum, en afla sér fæðu uppi í straumnum. Þar er aðallega um að ræða lirfur og púpur skordýra sem hafa tapað festu við botninn og rekur niður. Eftir því sem seiðin eldast (stækka) þurfa þau grófari botn sem veitir meira skjól en fínn botn sem þó getur veitt litlum seiðum viðunandi skjól. Grófur botn er

jafnframt stöðugri en fínn botn og framleiðir meira af fæðudýrum. Svæðin sem seiðin helga sér grundvallast einmitt á fæðuþörfinni. Þar sem botn er skjóllítill og mikið er af smáseiðum standa stærri seiði sig illa í samkeppninni. Þau hafa þar lítið skjól og verða jafnframt að verja miklum tíma uppi í straumnum til að afla sér fæðu. Fæðuframboðið er lítið þar sem botninn er fínn og óstöðugur auk þess sem smáseiðin taka sinn skerf. Þannig getur farið að dæmið gengur ekki upp, seiðið er í þeirri aðstöðu að það þarf að eyða mestum hluta þeirrar orku sem það aflar sér í fæðunámið og til að halda sínum stað í ánni, verja það gegn ágangi annarra seiða. Við slík skilyrði vex seiðið lítið og það er horað og hefur ekki lengur orkuforða til að mæta tímabundnum slæmum aðstæðum. Það er móttækilegt fyrir sjúkdómum, og auðveld bráð fyrir rándýr.

Niðurstöður rafveiðanna eru sýndar í töflu og súluritum. Veiðni tækisins er áætluð 15% fyrir seiði 1+ og eldri en innanvið 10% fyrir 0+ seiði. Þó er veiðnin sennilega mun hærri fyrir ofan foss (30-40%) enda eru miklu færri seiði þar.

Eins og sést í töflunni fékkst mikið af 0+ seiðum fyrir neðan brúna á Þjóðveginum, en þeirra varð lítið vart ofar. Þó er ekki vert að draga miklar ályktanir út frá þessu þar sem 0+ seiðin voru mjög smá (2.5-3.5 cm) og veiðast illa. Rafmagnið hefur minni áhrif á þau en stærri seiðin, þau sjást illa og gátu smogið möskvann í neti háfsins.

Það er athyglisvert að á efsta staðnum þar sem laxaseiði veiddust fengust engin 2+ seiði og einungis eitt slíkt veiddist á næsta stað þar fyrir neðan. Þetta gæti bent til þess að lax sé nýbyrjaður að nema land fyrir ofan fossinn. Fullorðnir laxar leita yfirleitt tilbaka að þeim stað sem þeir ólust upp á eða var sleppt sem gönguseiði. Í Laxá hefur gönguseiðum aldrei verið sleppt fyrir ofan brúna að Laugum en nokkrum sinnum í gilið og einu sinni við Lauga brúna. Kannski var það árið 1975?

Fyrir ofan fossinn þar sem tiltölulega fá seiði veiddust (sjá töflu og súlurit) eru 1+ og 2+ seiðin jafnlöng 2+ og 3+ seiðum fyrir neðan foss. Þessutan voru seiðin fyrir ofan foss í mun betri holdum. Það er einkum athyglisvert að á efsta staðnum þar sem laxaseiði veiddust, þ.e. skammt fyrir neðan Lauga brúna, er botninn fremur fínn, svipaður botninum fyrir neðan foss.

Þarna sést glöggst hversu slæm áhrif samkeppni yngri seiða getur haft á afkomu þeirra eldri þar sem skjól og fæðuframboð er takmarkað.




Þar sem mjög erfitt er að hitta á hentugustu stærð hrygningarstofnsins ber brýna nauðsyn til að bæta samkeppnisaðstöðu eldri seiða. Það er gert með því að bera grjót í ána. Þannig skapast skjól fyrir eldri seiði auk þess sem botninn verður stöðugri og framleiðsla fæðudýra eykst. Bezt er að nota steina sem rétt flýtur yfir, en hafa þó innanum stór björg til að auka stöðugleika botnsins. Þá er meiri von til að smærri steinarnir tolli í ánni.

Nauðsynlegt er að sleppa seiðum í efri hluta árinna þar sem engin laxaseiði voru þegar athugunin fór fram. Bezt væri að taka seiði úr neðri hlutanum. Þá skapast betri skilyrði fyrir þau seiði sem eftir verða, auk þess sem töluverðir fjármunir sparast. Gera má ráð fyrir að að meðaltali jafngildi hvert seiði sem þannig er flutt að keypt séu 5 sumaralin laxaseiði úr eldisstöð. Kemur þar tvennt til. Annars vegar verður dánartalan lægri þar sem náttúruleg seiði þurfa ekki að aðlaga sig gjörbreyttum aðstæðum, og hins vegar eru mörg þessara seiða á öðru og þriðja ári og því stærri en sumaralin seiði og eiga því eftir skemmri tíma í ánni áður en þau halda til sjávar. Í ágúst voru flutt um 1200 seiði á þennan hátt, en til að fá fulla nýtingu á ána sem fyrst þyrfti að flytja miklu meira af seiðum. Bezt væri að gera það næsta vor. Þegar efri hlutinn er kominn í fulla framleiðslu er hugsanlegt að lax gangi í hana fyrr en nú er.

Ég tel ekki ástæðu til að sleppa gönguseiðum í Laxá á þessu stigi málsins. Þegar séð verður hversu mikilli veiði náttúruleg framleiðsla getur staðið undir má athuga þann möguleika að nýju. Einnig kæmi til greina að auka laxagengd í ána með að setja ólaxgenga hluta árkerfisins í framleiðslu með sleppingu sumaraldra seiða, en þó þyrfti að athuga þá nánar áður en endanleg ákvörðun er tekin.

TAFIA: Seiði veidd með rafmagni í Laxá í Sælingsdal.

Veidiastaður	Flatarmál m ²	Lax				Urriði		
		0+	1+	2+	3+	0+	1+	≥2+
Niður á eyrunum	300	192	47	9	0	0	0	0
50-100 m fyrir neðan brú á Þjóðvegi,	600	107	85	33	9	2	1	0
Skammt fyrir neðan foss	200	1	35	24	5	0	0	0
Skammt fyrir ofan foss	300	0	21	17	0	1	0	1
Skammt fyrir ofan efri foss	300	0	18	1	0	4	1	0
100-150 m fyrir neðan brú að Laugum	350	1	21	0	0	0	5	0
Niður undan Gerði	150	0	0	0	0	0	2	1
Við túnfótinn í Sælings- dal	350	0	0	0	0	4	3	0
Svínadalssá fyrir neðan foss	400	1	69	65	8	0	0	0



LAXA-
LENGDAR- OG ALDURSDREYFING VEIDDRA SEIDA.